

Húsnæðisáætlun 2018-2026

Á fundi sínum þann 19.maí 2016 skipaði bæjarráð starfshóp um húsnæðisstefnu. Eftirtaldir voru skipaðir í hópinn: Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður, Ólafur Ingi Tómasson, Óskar Steinn Ómarsson, Skaphéðinn Orri Björnsson og Sverrir Garðarsson. Með hópnum starfaði Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi.

Samkvæmt erindisbréfi var starfshópnum ætlað að gera tillögu til bæjarráðs um húsnæðisstefnu skv. nýsamþykktum lögum um húsnæðismarkað. Jafnframt var ákveðið að hópurinn ætti að leggja fram tillögur að reglum fyrir sveitarfélagið um stofnframlög. Fundir starfshópsins urðu 10.

Í lok nóv.2016 skilaði hópurinn af sér reglum um stofnframlög sem samþykktar voru í bæjarstjórn.

Ákveðið var að fá tilboð í gerð húsnæðisáætlunar og var leitað tilboða hjá þremur aðilum. ALTA, KPMG og VSÓ. Gengið var til samninga við KPMG. Farin var sú leið að fá KPMG til að gera greiningu eða svokallað mælaborð varðandi húsnæðismál sveitarfélagsins. Greiningin lá fyrir í lok sumars 2017. [Greiningin](#) er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

Á vordögum 2018 var ákveðið að fá KPMG til að koma með drög að húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið. Drög að húsnæðisáætlun hafa verið lögð fyrir fjölskylduráð og kallað hefur verið eftir athugasemdum frá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Drögin voru lögð fyrir bæjarráð þann 9.okt. s.l. og var skipað í starfshóp til að leggja lokahönd á fyrirliggjandi drög að húsnæðisstefnu. Eftirtaldir voru skipaðir í hópinn: Valdimar Víðisson, formaður, Ólafur Ingi Tómasson, Skaphéðinn Orri Björnsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Friðbjófur Helgi Karlsson.

Starfshópurinn hittist tvisvar og á seinni fundi hópsins þann 1.nóv. voru fyrirliggjandi drög samþykkt og áætluninni vísað til bæjarráðs. Einnig var eftirfarandi bókað:

„Farið yfir drög að húsnæðisstefnunni sem liggur fyrir. Umræður um orðalag og framsetningu. Áhersla lögð á að húsnæðisáætlun er lifandi skjal sem endurskoða skal a.m.k. tvisvar á ári. Starfshópurinn er sammála um nauðsyn þess að skipa vinnuhóp sem hittist eigi sjaldnar en tvisvar á ári með það að markmiði að endurskoða og fara yfir húsnæðisáætlun.“

Meginkaflar húsnæðisáætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Stöðugreining er kafla sem fjallar um íbúafjölda, íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og fasteigna- og leigumarkaðinn.
- Í kafla um skipulagsmál er farið yfir aðalskipulag, deiliskipulag og lóðaframboð.
- Í kafla um sveitarfélagið er farið yfir atvinnu- og efnahagsþróun, mannfjöldaspá og þarfir ólíkra samfélagshópa.
- Að lokum er farið yfir aðgerðir og regluverk sveitarfélagsins, uppbyggingu, helstu áherslur í húsnæðismálum og reglur sveitarfélagsins.



Áætluð þörf á uppbyggingu miðað við breytingu á mannfjölda er skv. miðspá 1.550 íbúðir á tímabilinu.

Meginmarkmið sveitarfélagsins er að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða.

Húsnæðisstefnan tekur mið af fjölbreyttu mannlífi, heilsueflandi samfélagi, horft er til umhverfissjónarmiða og sérstöðu sveitarfélagsins hvað varðar verndun byggðar og samspil við ósnortna náttúru.

Helstu áherslur til skamms tíma eru fjárfestingar í félagslega húsnæðiskerfinu, stofnuð hefur verið húsnæðissjálfsseignarstofnun sem mun byggja sex íbúða fjölbýlishús, framið verður í heildstæða stefnumótun í samráði við notendur um framtíðarfyrirkomulag búsetumála fatlaðs fólks í sveitarfélaginu, m.a. með tilliti til þjónustu í eigin húsnæði.

Áherslur til lengri tíma er að tryggja íbúum húsnæði við hæfi. Fjölbreytt framboð þarf að vera fyrir hendi. Horfa þarf til íbúaðróunar og leggja áherslu á hlutfallslega aukningu á byggingu fjölbýlishúsa á kostnað einbýlishúsa miðað við gildandi aðal- og deiliskipulag.

Hafnarfjörður 21.nóvember 2018

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.